

Bókafundur Betadeildar haldinn á heimili Sigríðar Magnúsdóttur, Krókeyrarnöf 9, 13. janúar 2015

Mættar voru 23 konur og 1 gestur

1. Setning fundar

Björk formaður setti fund og bauð konur velkomnar og Lilja kveikti á kertunum. Þá þakkaði Björk Sigríði sérstaklega fyrir að bjóða okkur heim til að halda bókafundinn og færði henni rós. Flutti síðan kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Orð til umhugsunar

Ingibjörg Auðunsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallaði um skýrsluna *Farsæld – baráttan um fátækt á Íslandi* en hún var til umræðu í nýjum þætti á Ríkissjónvarpinu sem heitir Hringborðið. Ingibjörg fjallaði um það hvað við getum gert til hjálpar. Hún sagði að fátæktin birtist í ýmsum myndum eins og fötlun, örbirgð, ofbeldi og mörgu fleiru. Hún sagði að enn væri það svo á Íslandi að það þætti skömm að vera fátækur, fólk væri ekki að auglýsa það heldur lokaðist inni. Það væri ekki einungis að fólk hefði varla efni á mat og öðrum nauðsynjum heldur gæti það ekki tekið þátt í ýmsum félagsskap og nefndi okkar félagsskap sem dæmi, en þátttaka kostar pening. Hún beindi því til félagskvenna hvort við værum tilbúnar til að leggja okkar af mörkum til að styðja við þennan hóp.

Formaður tók undir það eftir tölu Ingibjargar og voru fundarkonur sammála því og verður þetta væntanlega tekið fyrir á einhverjum næstu funda.

3. Fundargerð

Ragnheiður Sig. ritari las upp fundargerðir síðustu tveggja funda og var gerð smá athugasemd við aðra og þær síðan samþykktar.

4. Erindi frá stjórn

Björk kallaði Ragnheiði Sig. upp og færði henni gjöf í tilefni sextugsafmælis hennar 15. okt. sl. og fékk hún gjafakörfu Unicef ásamt rós. Þá spurði formaður hvort konur ætluðu að sækja þingið í Borås í Svíþjóð í sumar og hvatti til þátttöku. Eygló sagðist hafa áhuga að fara og var þetta örlítið rætt. Þá nefndi formaður sýninguna með verkum Elísabetar Geirmundsdóttur sem nú stendur yfir í Listasafninu á Akureyri og sagði að safninu hefði verið fært eintak af bókinni *Listakonan í fjörunni* sem Betakonur gáfu út 1989, en safnið hafði ekki átt þá bók í forum sínum. Þorgerður spurði hvað ætti að gera við þau 14 eintök sem til eru af bókinni og einnig nefndi hún kort sem voru gefin út með verkum Elísabetar. Umræður spunnust um þetta mál og var ákveðið að fresta því og taka til athugunar síðar.

5. Önnur mál

Björk nefndi að nú væri Ragnheiður Stefánsdóttir að búa sig undir að flytja til Reykjavíkur og lagði fram þá tillögu að Betasystur myndu hjálpa henni á einhvern hátt, hvort sem það væri að pakka niður eða þrifa. Ákveðið var að Björk skyldi hringja í Ragnheiði og spyrja hana beint hvaða hjálp hún vildi.

Þá nefndi Björk að nú væri gott að fá tillögur um nöfn í uppstillingarnefnd fyrir Landssambandsstjórn og voru konur hvattar til að skoða málið og senda henni nöfn í tölvupósti.

Undirbúningsnefnd fyrir þennan bókafund, en í honum voru Anna, Lilja, Minnie, Ragnheiður Stefáns og Rósa, hittist fyrir þennan fund og var rætt um fyrirkomulag þessara funda og kom þá fram sú hugmynd hvort breyta eigi því sem verið hefur. Minnie sagði frá fyrirkomulagi sem hún hafði kynnst í annarri deild þar sem 3 til 4 konur eru valdar og segir hver kona frá ákveðinni bók og kynnir höfundinn ásamt því að segja hvaða áhrif bókin hafði á viðkomandi. Ákveðið var að hafa þetta til umhugsunar.

6. Bókaumræður

Hófst þá bókafundurinn, Minnie stjórnaði umræðunum og Anna var tímavörður. Hver kona fékk 5 mín. til umræða til að segja frá einni bók sem hún hafði nýlega lesið. Þetta gekk mjög vel og þegar hringurinn var hálfnaður var tekið kaffihlé og var kaffinefndin búin að setja dýrindis meðlæti með kaffinu á borð. Síðan var umræðum haldið áfram og þegar yfir lauk voru konur sammála um að þetta hefði gengið vel og voru ekki vissar um að þær vildu breytingu á þessu fyrirkomulagi.

Leshringurinn verður haldinn 19. mars og var ákveðið að lesa bækurnar *Stundarfró* eftir Orra Harðarson og *Náðarstund* eftir Hannah Kent í íslenskri þýðingu Jóns Stefáns Kristjánssonar.

Happdrættisvinninginn fékk Ingibjörg Auðunsdóttir frá Selmu sem fékk síðasta vinning.

Pyngjan góða var látin ganga.

Formaður pakkaði undirbúningsnefnd og kaffinefnd fyrir góðan fund og Sigríði aftur fyrir húsnæðið. Slökkti á kertunum og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 22:25

Ragnheiður Sigurðardóttir, ritari.